



### Tímaverðir og ritarar Gátlisti 2020-2021

#### COVID-REGLUR:

Tímaverðir og ritarar skulu vera í sambandi við sóttvarnarfulltrúa síns félags og kynna sér þær Covid reglur sem eru í gildi hverju sinni.

#### FYRIR LEIK:

1. Mæting að minnsta kosti 45 mínútum fyrir leik í úrvalsdeildum og 30 mínútur fyrir aðra leiki.
2. Kynna sig fyrir eftirlitsmanni, þegar það á við, dómurum og starfsmönnum beggja liða.
3. Yfirfara leikskýrslu og kanna hvort hún er rétt útfyllt.
4. Hafa flautu, gul og rauð spjöld, skriffæri og spjöld er sýna brottvísunartíma og þriggja sókna hvíld tilæk.
5. Fylla inn númer leikmanna á ritaraskýrslu.
6. Athuga hvort leikklukka virkar og hvort varaklukkan eru til .
7. Yfirfara staðsetningu tímavarðar-/ritaraborðs og leikmannabekkja. Leikmannabekkir skulu byrja 3,5 m frá miðlínu og frítt pláss fyrir framan þá skal vera 2 metrar ef því verður við komið.
8. Hafa þrjú græn spjöld um liðs leikhlé („team time-out“) tiltæk og afhenda starfsmanni A hjá hvoru liði spjöld 1 og 2 áður en leikur hefst.
9. Hafa tvo keppnisbolta tilbúna á tímavarðar-/ritaraborði.
10. Um leið og leikur er flautaður á er leikskýrslu lokað og ekki hægt að breyta henni (gildir um leiki í meistaraflokki karla og kvenna).

#### MEÐAN Á LEIK STENDUR:

11. Skrá mörk, áminningar, brottvísunartíma og útilokanir.
12. Skrá vítaköst.
13. Skrá tíma á liðs leikhlé.
14. Færa inn mörk og stöðva og gangsetja tíma í samræmi við ákvarðanir dómara og reglna um skiptisvæði.
15. Skrá númer leikmanna sem meiðast og þurfa að vera útaf í 3 sóknir og gefa merki þegar leikmaðurinn má fara inná.
16. Fylgjast með innaskiptingum og hafa sérstaka aðgát þegar spilað er án markvarðar.
17. Fylgjast með að reglum um skiptisvæði sé fylgt.
18. Einbeita sér að sínu hlutverki og láta ekki gjörðir annarra hafa áhrif á sig.

#### Í HÁLFLEIK:

19. Fara yfir ritaraskýrslu og athuga hvort hún er ekki örugglega í samræmi við leikinn.
20. Hafa græn spjöld númer 3 um liðs leikhlé („team time-out“) tiltæk og afhenda starfsmanni A hjá hvoru liði áður en seinni hálfleikur hefst.

#### EFTIR LEIK:

21. Fylla út leikskýrslu, undirrita fyrir hönd framkvæmdaraðila og afhenda dómurum og eftirlitsmanni, þegar það á við, til undirritunar.
22. Afhenda hvoru liði fyrir sig afrit af leikskýrslu og frumrit til framkvæmdaraðila sem sér um að senda það á viðeigandi hátt til HSÍ.

*Dómaranefnd HSÍ*

#### Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

